

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar  
Málfundur fræðsluráðs Hafnarfjarðar um árangur í grunnskólastarfi

Föstudagur 20. september 2013  
kl. 13-16 í Lækjarskóla

## **Samantekt á efni málfundarins**

Í upphafi fundar eru 42 þátttakendur en voru um 50 þegar mest var.

Dagskrá hefst með setningu málfundarins af Eyjólfí Sæmundssyni, formanni fræðsluráðs Hafnarfjarðar. Fjallar lauslega um markmið nýrra laga um grunnskóla sem og áherslur aðalnámskrár grunnskóla sem nýlega er útkomin. Þar er stefnt að hæfni nemenda og vísar að árangri og leiðum til að ná honum og því yfirleitt hvernig árangur sé mældur því um fleira en eitt geti verið að ræða í því samhengi.

Fundarstjóri er Sigurlaug Anna Jóhannesdóttir, fulltrúi í fræðsluráði, sem býður alla velkomna til málfundarins. Hún fer lauslega yfir framkvæmdina á málfundinum í dag.

Erindi 1:

Almar M. Halldórsson, Námsmatsstofnun

### **Námsárangur í Hafnarfirði samkvæmt samræmdum prófum og PISA og kynjamunur.**

Í erindi eru bornar saman niðurstöður samræmdra (könnunar)prófa í 4., 7. og 10. bekk frá 2008-2012 í níu sveitarfélögum og öll eru með fleiri íbúa en 5000 manns. Meira hugsað um „skóginn en trén“ í framsetningu gagnanna. Skýrsla mun berast Skólaskrifstofu eftir fundinn, er ekki fullunnin núna en kemur fljótlega.

Kynnir í upphafi skýringar á tölfræðinni sem liggja samræmdu prófum til grundvallar. Sýnir síðan mörg gróf með samanburði á árangri nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar við önnur sveitarfélög. Meginniðurstaða hans er að „árangur“ Hafnarfjarðar er nokkuð stöðugur, um 29-30 stig sem fer hækkandi milli stiga grunnskólans ef eitthvað, þ.e. virðisauki er í gangi í grunnskólum Hafnarfjarðar. Breytileiki er milli skóla sveitarfélags en enn meiri innan hvers skóla. Erfitt að sjá skýringar á stöðu skóla í Hafnarfirði nema þá vegna þáttar kennaranna. Það er þó rannsóknarefni að finna slíkt út. Ef breytileiki er innan sama skóla milli námsgreina hjá sömu nemendum gefur það tilefni til að skoða þá kennslu innan viðkomandi árgangs má samt telja. Hið eðlilega er að stöðugleiki sé innan hóps með árangur milli námsgreina.

Kynjamunur er talsverður í Hafnarfirði, líkt og í öðrum sveitarfélögum, yfirleitt stúlkum í hag og þá sérstaklega í íslensku. Kynjamunur er meiri í íslensku en í stærðfræði í öllum árgöngum samræmdra prófa.

PISA fylgir sama sniði fyrir Hafnarfjörð og í samræmdum prófum, þ.e. er nálægt meðaltali Íslands og þá rétt neðar. Það virðist nokkuð stöðugt og hreyfist með hreyfingum fyrir Ísland.

Erindi 2:

Skúli Helgason

### **Skólar og menntun í fremst röð.**

Kynnir tildrög stefnumótunar um sóknaráætlun Íslands frá árinu 2010 (til ársins 2020) og hlut SSH í þeirri vinnu. Inn í þessa vinnu SSH er sérstök áhersla á menntamál. Fimm meginverkefni hafa verið skilgreind á höfuðborgarsvæðinu innan menntamála, þ.e. gæði skólastarfs, samvinna skólastiga, háskólasvæði, endurmenntun á vinnumarkaði og menntun í menningargreinum. Gæði skólastarfsins sem eru til skoðunar snúa að námsárangri, líðan, skólabrag og rekstrarlegum þáttum (gögn frá Námsmatsstofnun og Skólabragur og Skólavogin auk gagna frá Rannsóknunum & greiningu). Hugað er að rannsóknum sem sýna fram á árangursríkar kennsluáferðir samhliða þessu, þ.e. styrkja „öruggan“ verkfærakost kennara í skólastarfi ef hann er til staðar samkvæmt erlendum rannsóknum. Sérstaklega verið að skoða yfirfærslu á rekstri framhaldsskóla til sveitarfélaganna og áhrif þess á skólastarfið (brottfall, rekstur og hagkvæmni, fjölbreytni). Óljóst þó með verkefnið áfram fyrr en fjárlög koma fram á næstunni.

Kaffihlé kl. 14.15 í tíu mínútur.

Eftir kaffihlé.

Sjónarhorn á árangur, stutt erindi frá fulltrúum í skólasamfélaginu í Hafnarfirði.

### **Fulltrúi nemenda: Sverrir Þrastarson**

Miði er á hverju borði til að bregðast við erindi hans eftir á fyrir ungmennaráð til skoðunar.

Kynnir áherslur sínar og jafnaldra með áherslu á forvarnir (t.d. varðandi kynlíf, þunglyndi, sjálfsvíg) í skólastarfi og þá sérstaklega félagsfræðilega þætti og þá hliðar sjúkdóma sem mæta unglingum (þunglyndi, gerðveiki o.þ.h.) og þroskaverkefni (t.d. samkynhneigð). Hann veltir fyrir sér hvort skólinn vilji ekki ræða slík mál af ótta við að nemendur hafi ekki nægan þroska til að ræða málin og ráði því ekki við umræðuna. Svo sé þó ekki, unglingar geti vel tekið við þeim upplýsingum. Fleiri aðilar séu þó nauðsynlegir til að fræða um forvarnir í grunnskólum en kennarar og þá einhverjir sem séu nær unglingum í aldri, hafi mikla reynslu sem tengist viðkomandi forvörnum (kynhneigðum, geðrænum röskunum, áfengisfíkn o.s.frv.). Það auki skilning unglínganna á málefnum sem snertir þau að fá fræðara sem hafa bein tengsl við forvarnirnar. Þeir þurfa einnig betra aðgengi að persónuelgri aðstoð á unglingsárum, jafnvel inn í skólum, til að ráðgjöf við eigin vanda undir nafnleynd og trúnaði - en samt hjá öðrum en starfsfólki skóla því persónuverndin sé nauðsynleg.

### **Fulltrúi foreldra: Valerie Helen Maier.**

Sérstök glærusýning. Foreldri í Öldutúnsskóla.

Foreldraráðið leggur áherslu á mikilvægi góðrar líðanar barna í skóla sem hluti árangurs. Margt hefur áhrif á líðan, bæði heimili og skóli, umhverfið allt. Tekur sérstaklega fyrir áhrif

tónlistarnáms á árangur barna sem hefur áhrif á allt annað nám þeirra. Ræðir um einstaklingsmiðað nám, að börn fái kennslu við hæfi en áherslan er á sérkennslu í skólakerfinu í því samhengi, þ.e. þá sem eiga erfiðast með nám. Ekki næg einstaklingsmiðun í gangi í grunnskólum fyrir duglega nemendur. Foreldraráðið leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám í grunnskólunum. Þá er mikilvægt að foreldrar séu þátttakendur í námi barna sinni og hvetji í náminu. Mjög nauðsynlegt. Samt er erfitt að fá foreldra til vinnu í skóla sem tengist ekki beint eigin börnum, þ.e. í félagsstarfi foreldra í skóla. Jákvæðir foreldrar hafa jákvæð áhrif á nám barna í skóla.

Veltir fyrir sér „rými“ fyrir foreldra í skóla, foreldrar og skóli sem séu í jákvæðri samvinnu er aðalatriðið. Foreldraráðið telur mikilvægt að það sé talsmaður foreldra sé á launum (ekki sjálfboðaliðastarf) sem sinnir verkefnum fyrir foreldraráðið og virkjar foreldra. Það gerir foreldra sýnilegri í skólaumhverfinu í Hafnarfirði. Sífelld erfiðara að virkja foreldra til þátttöku í skólastarfinu og launaður talsmaður gæti skipt þar miklu. Bærinn styðji við að talsmaður sé á launum.

### **Fulltrúi kennara: Anna Lára Pálsdóttir**

Flytur erindi frá eigin sjónarhóli og endurspeglar ekki endilega sjónarmið kennara yfirleitt. Hefur 16 ára kennslureynslu.

Hún veltir fyrir sér viðmiðum til að ræða árangur í skólastarfi. Vinnumarkaður ráði talsvert um hvaða viðmið eigi við um nemendur og skilgreini þá „árangur í skólastarfi“. Áður var áherslan á skýra þekkingu, utanbókarlærdóm. Í dag er meiri áhersla á samskiptafærni og því skipta fleiri hlutir máli en próf því samskiptafærni verður ekki mæld með prófum. Skólastarf er mun flóknara en svo að hægt sé að meta það með prófum eingöngu. Nefnir hugsmíðahyggjuna sem nýja áherslu í skólastarfi og þá mikilvægi þess að skoða nám sem félagslegt og menningarlegt fyrirbæri sem ekki verður mælt með prófum.

Ræðir um TALIS könnun og sérstaða íslensku áherslunnar um gildi hugsmíðahyggju sem ríkjandi viðhorf íslenskra kennara umfram kennara í öðrum löndum. Íslenskt skólastarf sé staðnað í dag, líkt og uppbygging hafi ekki átt sér stað. Skólinn hefur ekki náð að fylgja eftir tækniáherslum í dag! Nemendur hafa gert sinnt ýmsu persónulega með nýrri tækni (því þeir eiga tækin sjálfir) en ekki skólakerfið í Hafnarfirði (sem vantar umrædd tæki). Hindrar það ekki góðan árangur í dag? Jú, svo telur hún vera því kennarar í Hafnarfirði geti ekki kennt eins og þeir vilja þar sem heppilega tækniástöðu vanti, t.d. skjávarpa. Telur skort á skjávörpum í stofum hamli kennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar. Það hamlar árangri í skólastarfi. Ræðir um fjölbreytni nemendahóps og ýmsar raskanir margra nemenda í stórum bekkjum en samt skuli mæta öllum með samræmdum prófum og mæla árangur. Kennarar geta kulnað í starfi fyrir vikið. Ræðir um PISA próf og SMT-skólafærni í Hafnarfirði sem „top-down-verkefni“ sem sé ekki nægilega gott því það hafi ekki komið frá kennurunum sjálfum og skólunum. Samt mjög faglegt starf sem unnið er í hafnfirskum skólum.

## Fulltrúi skólastjóra: Helgi Arnarson

Fulltrúi sjónarmiða skólastjóra.

Þakkar fyrir tilurð fundarins. Segir grunnskólana í Hafnarfirði vera góða, studdir vel af foreldrum. Nemendur standa sig og skara framúr á framhaldsskóla- og háskólastigi. Margir nemendur eru duglegir en aðrir sem eiga erfitt með nám. Hlutverk okkar að mæta öllum til að þeir fái nám við hæfi. Gláðir og ánægðir nemendur í skóla er markmið okkar en um leið að viðhafa fjölbreytt viðfangsefni í skólastarfinu. Við viljum veita góða menntun en í hverju felst hún? Áherslan á það sem situr eftir hjá nemanda þegar hann hefur gleymt öllu því sem hann lærði – svo víðað sé í merk orð.

Það eru fjölbreyttir kennsluhættir í gangi og þeir þurfa líka að vera fjölbreyttar leiðir í námsmati. Segir frá eigin danskennslu. Áherslan eigi að vera á vitsmunalega starfsemi í skólum en ekki á þekkingarlærdóm. Skólar í Hafnarfirði eru ekki einsleitir þrátt fyrir að vera líkir á margan hátt. Er hægt að setja samræmda mælikvarða á skólana? Skólar eru lærdómsstofnanir, lærdómssamfélag kennara, og það er mikilvægt. Skólinn er uppeldisstofnun ekki síður en fræðslustofnun, en einnig félagsstofnun. Fleiri starfsstéttir inn í skólastarfið hjálpar til, t.d. þroskaþjálfar og iðjuþjálfar. Góð aðstaða er sömuleiðis mikilvæg og við megum ekki dragast aftur úr varðandi tölvutækni því það hindrar þróun kennsluhátta.

## Pallborðsumræður:

Átta sitja í pallborði (Sverrir, Helgi, Magnús, Eyjólfur, Valerie, Anna Lára, Skúli og Almar).

Fyrst spurt um hvort árangur skóla sé frekar háður félagsstöðu hverfis eða kennurum. Almar telur að félagsstaða skýri ekki árangur (með PISA gögnum) heldur kennarar. Hvergi í heiminum eru minni áhrif af félagsstöðu á námsárangur en á Íslandi, þ.e. áhrifin eru kennaranna og skólanna. Foreldrar og skólar skipta bæði máli segja aðrir, margar breytur í gangi.

Spurt um brottfall og mögulegar greiningar á því hjá SSH. Rætt um mikilvægi verknáms frekar en eitthvað annað og er langtímaþróun að breyta viðhorfum og áhuga ungs fólks á verknámi. Mikið brottfall hjá okkur í framhaldsskólum, kannski um 30% á meðan það er 10-15% hjá öðrum Norðurlandþjóðum. Höfum ekki gert átak til að ná þessu niður en til slíks skortir fjármagn en það hafa aðrir gert, t.d. Hollendingar. Við höfum ekki tekið utan um verkefnið hér, greint vandann og boðið upp á lausnir í samræmi við hann. Þörf er fyrir aukna tæknimenntun í samfélaginu en það vantar að mennta ungt fólk í þessum geira.

Eru hugmyndir um að fækka í bekkjum og að bæta tæknina í skólakerfinu í Hafnarfirði?, er spurt. Vinna kennara fer oft forgörðum vegna skorts á heppilegri tækni í grunnskólum. Tölvur endurnýjaðar að hluta í ár en þörf á frekari endurnýjun (skjávarpar, spjaldtölvur). Það er ekki nóg gert í tæknimálum og hvað ætla bæjaryfirvöld að gera í því?

Spurt frekar um viðhorf unga fólksins til forvarna í skólastarfinu og hvort það sé nauðsynlegt að það séu aðrir en kennarar sem sinni henni. Ungi maðurinn staðfesti það, um nauðsyn þess að aðrir ókunnugir séu til samræðu við unglíngana því það sé auðveldara að tala um persónuleg mál við aðra en kennarana sína sem unglíngarnir hitta á hverjum degi.

Niðurstöður á samræmdum prófum benda til að við þurfum að bera okkar saman við Kópavog sem nær betri árangri en Hafnarfjörður. Þeir sem ekki taka þátt hafa lítið vægi á heildarútkomuna. Velt fyrir sér hvernig eigi að nýta PISA upplýsingar og aðrar til að bæta skólastarf í Hafnarfirði. Það sé mikilvægt fyrir SSH samstarfið.

Umræða um skjávarpa. Það vantar skjávarpa en hve marga fá skólarnir á næstunni? Ekki lofað neinu á fundinum en verður skoðað í tengslum við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2014. Frekari umræða um búnað í skólana, t.d. þráðlaus net, spjaldtölvur. Nemendur telja að lítil tækni sé til staðar til að mæta þeim í dag í skólunum. Mjög einstaklingsbundið með tölvutækni hvort unga fólkið eða kennararnir séu færari með tæknina.

Hvað er framundan? Meiri greining? Er nægur vilji til staðar og vilji til að gera betur? Vinna áfram með þennan hóp? Við getum náð árangri og viljum við það? Það þarf að gera eitthvað með þær upplýsingar sem komu fram á fundinum og ná frekari árangri.

Mikilvægt að allir vinni saman, málfundurinn var til að eiga samtal. Margt sem þarf að gera. Ein leið er umbótastarf í hverjum skóla en um leið að viðhafa mælingar á framförum. Vinna þarf að framförum í hverri starfseiningu hjá bænum.

Ungmennið benti á mikilvægi þess að undirbúa nemendur betur undir samræmd próf og þá skiptir máli hvernig það er gert.

Pallborði lýkur.

Guðrúdrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri, lýkur umræðunni á fundinum. Ræðir fyrst um fjárhagsáætlun. Ræðir einnig eigin reynslu sem kennari. Brottfall þarf að ræða á samræmdan hátt milli landa og það skýrir jafnvel skekkjur að hennar mati. Yndislegt að heyra af fyrri nemendum sem gerir fólk að góðum manneskjum eða bæta samfélagið er það besta sem hún heyrir en það ekki hægt að mæla slíkt. Hvort mælingar endurspegli námsmatsfíkn? Margt flókið og ekki er til einhlýtt nálgun á hvað skiptir máli í skólastarfi. Nemendur eru uppteknari af lífsleikni en náminu sjálfu. Kannski vantar meiri áherslur á hana í skólum og fyrir foreldra skiptir öllu máli að barni þeirra líði vel. Kennarar leggja áherslu á að erfitt sé að mæla það sem mestu skiptir í skólastarfi. Skólastjórar vilja fagna margbreytileikanum, komið sé til móts við mismunandi þarfir nemenda. Hvað nú? Kannski líður okkur ekki vel með kennslustofuna því hún er gamaldags en við erum samt föst í skólastofum. Stendur hið hefðbundna skólaumhverfi okkur fyrir þrifum? Áhugaverð og gagnleg umræða, samt meira um spurningar en svör í dag. Stjórnámálamennirnir þurfa að sækja til grasrótarinnar en excel-skjölín eru samt nauðsynleg til að ná utan um skipulag. Segist fara frá þessum fundi með spurningar til að hugsa um áfram.

Málfundi slitið kl. 16.10.

Unnið af:

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla.